

Gjaldskrá þóknananevndar þjóðkirkjunnar.

Samkvæmt 2. mgr. 12. gr. starfsreglna um þingsköp kirkjuþings nr. 949/2009, með síðari breytingum, kýs nýkjörið kirkjuþing þrjá menn í þóknananevnd kirkjunnar til fjögurra ára og jafnmarga til vara. **Formaður skal kosinn sérstaklega á kirkjuþingi.**

Nefndin ákveður þóknun fyrir störf í ráðum, nefndum og starfshópum á vegum kirkjunnar. Enn fremur ákveður nefndin þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa.

Nefndin skal birta ákvarðanir sínar um þóknunir á opnu vefsvæði þjóðkirkjunnar.

Samkvæmt 4. málsl. 12. gr. starfsreglna um kirkjuráð nr. 817/2000, með síðari breytingum, **tilnefni kirkjuráð tvo nefndarmenn og varamenn þeirra í þóknananevnd kirkjunnar.**

Gjaldskráin gildir almennt frá 1. nóvember 2017 og er hvert verk metið til eininga og er verð hverrar einingar kr. 2.258.

	Einingar	Samtals
Þingfararkaup kirkjuþingsfulltrúa:		
Þóknun fyrir hvern fundardag	20	45.160
Þóknun kirkjuráðsfulltrúa kosnum af kirkjuþingi:		
Þóknun á mánuði (gildir frá 1. júní 2019)	70	158.060
Nefndir og/eða starfshópar:		
Nefndarmaður – fundur allt að 3 klst.	4,05	9.145
Nefndarmaður – hver klst. umfram 3 klst.	1,35	3.048
Formaður nefndar – fundur allt að 3 klst.	6,07	13.706
Formaður nefndar – hver klst. umfram 3 klst.	2,03	4.584
Nefndarmaður – almenn vinna utan funda pr. klst.	1,35	3.048
Nefndarmaður – sérhæfð vinna utan funda pr. klst.	2,25	5.081
Vinna í starfshópum kirkjuráðs pr. klst.	1,80	4.064
Héraðsnefndir:		
Þóknun kosinna nefndarmanna	8,1	18.290
(Sjá 9. gr. starfsreglna um héraðsfundi og héraðsnefndir nr. 965/2006, með síðari breytingu)		
Kirkjugarðaráð:		
Formaður ráðsins – þóknun á mánuði	31,5	71.127
Fulltrúi í ráðinu – þóknun á mánuði	22,5	50.805
Varamaður í ráðinu – situr fund í stað aðalmanns	8,1	18.290
(Sjá 1. mgr 11. gr. laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993)		

Matsnefnd um hæfni til prestsembættis:

Þóknun gildir frá 20. apríl 2018.

Þóknun nefndarmanns pr. klst.

9.000

Þóknun formanns pr. klst.

13.500

(Sjá 5. gr. starfsreglna um val og veitingu prestsembætta nr. 144/2016, með síðari breytingum)

Sérákvæði þóknana nefndar vegna sérfræðisþekkingar.

Þegar sérfræðingur er fenginn til starfa á vegum kirkjunnar vegna yfirgripsmikillar þekkingar sinnar og reynslu í viðkomandi málaflokki, getur þóknana nefnd ákveðið honum þóknun, þar sem m.a. er litið til þess tímagjalds sem tíðkanlegt er í sérfræðigrein hans.